

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

9. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 5. maí 2014 í félagsaðstöðu Hestamannafélagsins Sörla.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórunn Ansnes (Sörli), Magnús Gunnarsson (Haukar), Viðar Halldórsson (FH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Karl G. Klein (SH), Írena Óskarsdóttir (BH), Ásdís Rósa Gunnarsdóttir (HFH) og Gunnar Davíð Gunnarsson (HFH). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH), Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH), Þórarinn Sófússon (GSE), Stefán Kristófersson (Fjörður), Kristín Pétursdóttir (SH), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH).

## 1. Skipting ferðastyrkja aðildarfélaganna ÍBH fyrir árið 2013 frá ÍSÍ

Samtals eru félög innan ÍBH að fá styrk að upphæð kr. 1.589.933. Hann skiptist milli félaganna á eftirfarandi hátt: Haukar kr. 1.285.678, ÍH kr. 146.850, SH kr. 45.634, FH kr. 41.253, SÍH kr. 28.351, Sörli kr. 15.211, BH kr. 15.211 og Fjörður kr. 11.745.

Umsóknargátt fyrir ferðastyrki á heimasíðu ÍSÍ opnar í desember ár hvert fyrir líðandi ár og lokar um 10. janúar í upphafi nýs árs. ÍSÍ skilgreinir í samvinnu við sérsambönd sín styrkhæfar ferðir fyrir hverja íþróttagrein inn í umsóknargáttinni. Aðildarfélag ÍBH eru beðin um að kanna það árlega hvort þau eigi rétt á því að sækja um ferðastyrk fyrir verkefni ársins og sækja um ef þau eiga rétt á því. Alls úthlutaði ÍSÍ kr. 70.000.000 í ferðastyrki árið 2013.

## 2. Tímaúthlutunarreglur ÍBH

Á stjórnarfundi ÍBH 3. mars sl fengu aðildarfélag ÍBH hvert fyrir sig það heimaverkefni að fara yfir tímaúthlutunarreglur ÍBH og koma með breytingartillögur fyrir næsta stjórnarfund ef þörf væri á. Skrifstofu ÍBH bárust engar breytingartillögur fyrir fundinn og enginn fundarmanna var með breytingartillögur á fundinum.

Framkvæmdastjóri ÍBH lét fundarmenn vita um breytta sumaropnun í Íþróttamiðstöðinni Björk og þarf að breyta því inn í reglunum. Að öðru leyti eru reglurnar óbreyttar frá síðasta ári.

## 3. Tímaúthlutun bæjarins til íþróttafélaganna innan ÍBH 2014 – 2015

Tímaúthlutun bæjarins til íþróttafélaganna innan ÍBH í íþróttahúsum, sundlaugum, knattspyrnuhúsi, reiðskemmu og á knattspyrnuæfinga- og gervigrasvelli í Hafnarfirði yfir sumar- og vetrarmánuðina 2014 – 2015. Alls um 32 þúsund tímar á tímabilinu sem er aukning frá síðasta tímabili. Aukningin felst m.a. í aukinni kvöldopnun til kl. 23.00 virka daga í stærri íþróttahúsum bæjarins þ.e. Íþróttahúsinu við Strandgötu, Íþróttamiðstöðinni Ásvöllum og Íþróttamiðstöðinni Kaplakrika. Síðan verður frjálfsíþróttahús tekið í notkun í Kaplakrika í þessum mánuði.

## 4. Ferðamannagötukort af Hafnarfirði. Lagt til að keppnisíþróttamannvirki bæjarins séu á því

Birt hafa verið drög að ferðamannagötukortum af Hafnarfirði. Á þeim eru sundlaugar bæjarins, Kaplakrika og leiðin til Íshesta merkt inn á kortin. Skrifstofa ÍBH óskaði eftir því við ferðamálafulltrúa að öll keppnisíþróttamannvirki bæjarins séu sett inn á kortin. Umræður og fundarmenn sammála þeirri ákvörðun. Aðsóknartölur notenda og gesta í íþróttamiðstöðvar / íþróttahús í Hafnarfirði voru 1.501.797 árið 2013.

## 5. Reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH

Vinnuhópur er að störfum við endurskoðun reglugerðarinnar. Hann skipa Ingvar Kristinsson Björk, Benedikt Olgeirsson FH, Kristín Pétursdóttir SH og Bergsteinn Hjörleifsson Keili. Einstaklingar vinnuhópsins hafa komið fram með mjög ólík sjónarmið varðandi breytingar á reglugerðinni. Ákveðið að vinnuhópurinn hittist á

fundi og reyni að komast að niðurstöðu um breytingar sem er viðunandi fyrir sem flesta.

#### **6. Staðan í endurskoðun samninga við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði**

Hafnarfjarðarbær samþykkti að draga skerðingu samninganna til baka frá og með 1. janúar 2014, en greiðslur til félaganna eru ennþá skertar. Eftir þá ákvörðun hafa ekki farið fram fleiri fundir og bréfi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar dagsettu 25. febrúar 2014 um málefnið hefur ekki ennþá verið svarað.

#### **7. Merkingar keppnisbúninga barna og styrktaraðilar**

Vakin athygli á blaðagrein sem birtist í blaðinu Hafnarfjörður 7. mars sl. undir heitinu „Óheppilegt að börn séu merkt kostunaraðilum“ umræður um greinina. Flestir sammál um að ekki sé hægt að reka íþróttahreyfinguna án styrktaraðila og hefðin er að þeir eru sýnilegir t.d. á keppnisbúningum óháð aldri.

#### **8. Bréf frá ÍSÍ um starfsskýrsluskil 2014**

Minnt á skilafrest starfsskýrslna í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ sem var 15. apríl sl, 10 aðildarfélög ÍBH eru búin að skila, 6 aðildarfélög hafa sótt um frest og eru að vinna að skilum og eitt félag hefur hvorki sinnt skilum né sótt um frest.

#### **9. Bréf frá ÍSÍ vegna kvennahlaups ÍSÍ 2014**

Í ár verður 25. hlaupið haldið. Vakin er athygli á því að kvennahlaupsnefnd ÍSÍ fékk styrk frá Ólympíusamhjálpinni til að ráðast í ýmis verkefni sem tengjast afmælinu. Einnig er vakin athygli á skokk- og hlaupahópum víðsvegar um landið. Á heimasíðu kvennahlaupsins [www.kvennahlaup.is](http://www.kvennahlaup.is) eru æfingaáætlanir og annað stuðningsefni aðgengilegt.

#### **10. Nýr starfsmaður ÍSÍ**

Í apríl sl réði ÍSÍ Rögnu Ingólfssdóttur í starf verkefnastjóra kynningarmála. Ragna var ein fremsta badmintonkona Íslands til margra ára og keppti m.a. á tvennum Ólympíuleikum.

#### **11. Afstaða til ábyrgðar**

Umræður um bréf dagsett 3. apríl 2014 frá félagi fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun fanga.

#### **12. Bréf frá ÍSÍ um hjólað í vinnuna**

Vakin athygli á heilsu- og hvatningarverkefninu sem fer af stað í tólfta sinn og stendur yfir frá 7. – 27. maí. Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu verkefnisins [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is).

#### **13. Lög AÍH**

Bréf frá ÍSÍ dagsett 29. janúar 2014 lagt fram. Í bréfinu kemur fram að framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti lög félagsins með áorðnum breytingum en með fyrirvara um lagfæringar á lögnum sem eru taldar upp í bréfinu. Stuðst var við álit laganefndar ÍSÍ. Félagið hefur lagfært lögin samkvæmt ábendingum bréfsins. Stjórn ÍBH samþykkti að staðfesta lagfærð lög félagsins.

#### **14. Gögn sem ÍBH hefur borist:**

- a). Bréf frá Dansíþróttasambandi Íslands um dansþing þriðjudaginn 27. maí nk í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.
- b). Bréf frá Akstursíþróttasambandi Íslands um ársþing 28. og 29. mars sl í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.

- c). Bréf frá Skylmingasambandi Íslands um skylmingaþing fimmtudaginn 15. maí nk í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.
- d). Bréf frá Handknattleikssambandi Íslands um 57. ársþing sambandsins miðvikudaginn 30. apríl sl.
- e). Bréf frá Skotíþróttasambandi Íslands um skotþing laugardaginn 10. maí nk í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.
- f). Bréf frá Badminton sambandi Íslands um ársþing BSÍ miðvikudaginn 30. apríl sl í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.

## 15. Önnur mál

- a). ÍÓ fulltrúi Badmintonfélags Hafnarfjarðar (BH) sagði frá því að félagið óski eftir því að fá hluta af rekstri Íþróttahússins við Strandgötu og vilji sameina rekstur hússins stöðugildi starfsmanns félagsins. Félagið gæti rekið húsið á hagkvæmari hátt en gert er í dag. Félagið á í viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um málefnið. IK Björk greindi frá því að Fimleikafélagið Björk hefði óskað eftir því við Hafnarfjarðarbæ að reka Íþróttamiðstöðina Björk og hafi því erindi verið neitað.
- b). IK greindi frá því að Norðurlandamót drengja í áhaldafimleikum yrði haldið í Íþróttamiðstöðinni Björk helgina 10. og 11. maí nk og hvatti alla fundarmenn til að mæta.
- c). ÞA Sörla sýndi fundarmönnum ný endurgerða félagsaðstöðu Hestamannafélagsins Sörla á Sörlastöðum sem var tilbúin á þessu ári, 80 ára afmælisári félagsins. Endurbætur og breytingar voru unnar af félaginu sjálfu.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.55.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.